



Hreppsnefnd 03.12.09

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 03. des. 2009 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur K. Ármannsson, Anna Pála Víglundsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Björn Halldórsson, Skúli Þórðarson og Þórdís Þorbergsdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 19. nóv. sl.

Tók oddviti til máls undir 7. tl. er varðar sölu á Hamrahlíð 26.

Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

2. mál Fundargerðir fræðslunefndar frá 11. nóv. og 30. nóv. sl.

Lagðar fram fundargerðir fræðslunefndar frá 11. og 30. nóv. sl. Spurt var um hækkun gjaldskrár leikskólans, sem fjallað var um í 3. tl. fundargerða nefndarinnar frá 30. nóv. sl. Sveitarstjóri svaraði framkominni fyrirspurn. Fylgdu í kjölfarið umræður um málið.

Samþykkt að vísa ákvörðunum gjaldskrárhækkana til afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Fundargerðirnar samþykktar að öðru leyti.

3. mál Fundargerð bygginganefndar frá 18. nóv. sl.

Spurt var um íbúðagáma og frágang þeirra sem og stækkun Mávahlíðar. Gerði ritari, með leyfi oddvita, nánari grein fyrir málinu auk þess svarað hann fyrirspurn um skil uppdráttar viðvíkjandi HB Granda.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

4. mál Fundargeð ferlinefndar frá 16. nóv. sl.

Fundargerð ferlinefndar frá 16. nóv. sl. lögð fram.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

5. mál Álagning útsvars árið 2010, tillaga

Oddviti og sveitarstjóri gerðu grein fyrir hugmyndum um álagningu útsvars á Vopnafirði á árinu 2010, en á árinu 2009 var álagningarprósenta útsvars á Vopnafirði 13,28 % Jafnframt voru kynnt lagaákvæði tekjustofnalaga varðandi útsvarsálagningu. Síðan var lögð fram svofelld tillaga:

„Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að nýta sér heimild tekjustofnalaga til þess að leggja á hámarksútsvar árið 2010 á Vopnafirði, sem er 13,28 % af álagningarstofni.“

Fyrirliggjandi tillaga var samþykkt samhljóða.

6. mál. Álagning fasteignagjalda árið 2010, tillaga.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Lagði hann fram yfirlit yfir álagningu fasteignagjalda í mismunandi sveitarfélögum. Jafnframt gerði hann grein fyrir ákvæðum tekjustofnalaga um álagningu þessara gjalda og lagði fram útreikninga á mismunandi valkostum á álagningu gjalda í heild og einnig reiknað niður á sérstaka eign.

Að því búnu var lögð fram svofelld tillaga vegna álagningar fasteignagjalda fyrir árið 2010:

„Álagning fasteignagjalda 2010 verður ákveðin með eftirfarandi hætti.

I. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að fasteignagjöld fyrir árið 2010 verði lögð á sem hér segir:

a) Fasteignaskattur á :

1) Íbúðarhúsnæði og bújarðir. 0,5 % af heildarfasteignamati

2) Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði. 1,65 % af heildarfasteignamati

3) Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir,

leikskólar, íþróttahús og bókasöfn 1,32 % af heildarfasteignamati

b) Vatnsgjald og holræsagjald:

1. Vatnsgjald nemi 0,3 % af fasteignamati húss.

• Aukavatnsgjald skv. mæli verði kr. 32 fyrir hvern rúmmetra vatns.

2. Holræsagjald nemi 0,2 % af heildarfasteignamati.

c) Lóðarleiga

Lóðarleiga verði 2,0 % af fasteignamati allra lóða á Vopnafirði.

Gjalddagar fasteignagjalda 2010 verða 8 og verða þeir 15. febrúar 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst og 15. september. Eindagi verði 30 dögum síðar.

Athugið! Ef fjárhæðir til innheimtu eru lágar er þeim ekki dreift á átta gjaldaga, heldur færri.

Hreppsnefnd heimilar með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að fella niður fasteignaskatt elli- og örorkulífeyrisþega af eigin íbúð á eftirfarandi hátt. Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd. Tekjuviðmiðun eru árstekjur 2009 skv. skattframtali 2010:

a) Einstaklingar

Brúttótekjur 2009 allt að kr. 2.026.895 100% niðurfelling

Brúttótekjur 2009 allt að kr. 2.808.234 50 % niðurfelling

b) Hjón:

Brúttótekjur 2009 allt að kr. 3.003.906 100 % niðurfelling

Brúttótekjur 2009 allt að kr. 3.346.672 50 % niðurfelling

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem fjölskylda hins látna (hinnar látnu) á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið en að hálfu annað árið eftir fráfall.

Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður.

Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli áranna 2009 og 2010 hefur hreppsnefnd heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignaskatts, berist umsókn um slíkt.

Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku.

Falli aðstæður ekki undir þær reglur sem að framan greinir skal hreppsnefnd ákveða um lækkun eða niðurfellingu.

II. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir á grundvelli laga nr. 81./ 1988 IV. kafla 22. gr., að leggja á sérstakt sorphirðu og sorpeyðingargjald á hverja íbúð á Vopnafirði á árinu 2010. Hvort gjald um sig skal vera kr. 10.500 á íbúð eða samtals 21.000 Sorphirðu og sorpeyðingargjöld fyrirtækja hækki um sama hundraðshluta. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.“

Eftir ágætar umræður um fyrirliggjandi tillögu var ákveðið að fresta afgreiðslu hennar til endanlegrar afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

7. mál Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B-hlutastofnana fyrir árið 2010- Fyrri umræða- Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A-og B hluta fyrir árið 2010.

Með áætluninni fylgir rekstraryfirlit málaflokka, rekstrarreikningur, sjóðstreymi samsteypunnar, efnahagsreikningur og sundurliðanir sjóðstreymis niður á deildir.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir framlögðum gögnum og lagði jafnframt greinargerð sína með fjárhagsáætluninni, þar sem greint er frá helstu forsendum fyrirliggjandi áætlunar bæði á tekju og gjaldahlið. Í greinargerðinni segir m. a.:

„Almennt má segja að í þeirri vinnu sem átt hefur sér stað með forstöðumönnum hefur verið reynt að framkvæma niðurskurð á útgjöldum með þeim hætti að lækka einungis liði sem aðilar telja að niðurskurðurinn virki á. Ekki er um að ræða flatan niðurskurð yfir línuna. Í sumum tilfellum er því lækkunin meiri en lagt var upp með og annarsstaðar minni. Á árinu sem framundan er verður áfram reynt að hagræða í rekstri eins og kostur er. Á þetta bæði við um launakostnað og almenn rekstrargjöld. Í þessum efnum eru boðaðir reglulegir samráðsfundir forstöðumanna með

sveitarstjóra og starfsfólki bæjarskrifstofu, þar sem farið verður yfir stöðu mála á hverjum tíma. Þrátt fyrir að ekki sé áætlað sérstaklega fyrir því í áætluninni verða skoðaðir möguleikar á því að selja enn frekar eignir sveitarfélagsins, sem taka til sín verulegan rekstrarkostnað. Í þessu sambandi má nefna rekstur félagslegra íbúða, hótél, jarðir, hlutabréf o. fl. Takist það verður það happ fyrir reksturinn umfram það sem áætlunin gerir ráð fyrir.

Í rekstraryfirliti sveitarsjóðs í fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun kemur fram, að heildartekjur aðalsjóðs eru 430,8 m.kr. samanborið við 414,6 m.kr. í fjárhagsáætlun 2009 og heildargjöld 390,6 samanborið við 306,8 m.kr. 2009. Rekstraniðurstaða aðalsjóðs er því jákvæð um 37,7 m.kr. Helsta skýring þess að gjöld hækka þetta mikið milli áætlana er að í áætluninni er ekki gert ráð fyrir söluhagnaði hlutabréfa eins og gert var á yfirstandandi ári. Þó ekki sé áætlað fyrir sölu hlutabréfa verður reynt að koma þeim í verð og fáist nægjanlega góð tilboð verða þau seld og mun þá afkoman batna sem nemur söluhagnaðinum. Hér er í raun verið að áætla fyrir rekstrarkostnaði af reglulegri starfsemi og takist að selja eignir er það bónus umfram það sem hér er áætlað. Laun eru alls áætluð 216,6 m. kr. samanborið við 201,7 m.kr. 2009 og almenn rekstrargjöld 172,6 samanborið við 161,5 m.kr. 2009. Inni í þessum tölum eru svokölluð innri viðskipti meðtalin.

Í Eignasjóði er reiknað með húsaleigutekjum fyrir útleigu á húsnæði eins og skóla, leikskóla, íþróttahúss, ráðhúss og annarra eigna sem síðan eru leigðar undir hinar mismunandi þjónustueiningar sveitarfélagsins. Þessi sjóður er rekinn með 3,3 m.kr. tapi samanborið við 31 m.kr. tap í áætlun yfirstandandi árs, þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta upp á 19,4 m.kr. og 12,4 m.kr. fjármagnskostnaðar. Hér er einnig áætlað fyrir öllum föstum kostnaði við húseignirnar og því viðhaldi sem ráðast skal í á árinu.

Í Þjónustumiðstöð er reiknað með útgjöldum til reksturs hennar þ. e. launum, almennum rekstrargjöldum, ásamt afskriftum. Hér er jafnframt áætlað fyrir tekjum þjónustumiðstöðvar en leitast er við að selja vinnu hennar að mestu. Ráðgert er að endurskoða taxta á útseldri vinnu og færa upp í samræmi við verðlagsþróun á sambærilegum töxtum. Í áætluninni er 5,1 m.kr. halli á miðstöðinni miðað við 9,5 m.kr. á áætlun þessa árs., þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnskostnaðar.

Samkvæmt þessu er hagnaður A-hluta sjóða í heild eftir afskriftir og að teknu tilliti til innri viðskipta 31,4 m. kr.

Í B-hluta sjóðunum kennir ýmissa grasa, en þeir eru Hafnarsjóður, Vatnsveita, Leiguíbúðir almennar og Félagslegar, Fráveita, Félagsheimili, Apótek, Arnarvatn og Skipbólmi.

Langstærstur þessara sjóða er Hafnarsjóður og er hann áætlaður með 16,4 m.kr. hagnaði samanborið við 5,3 m.kr. tap á áætlun yfirstandandi árs, þegar tekið hefur verið tillit til 26,5 m.kr. fjármagnskostnaðar og 5,6 m.kr. afskrifta. Fjármagnsgjöld þessa sjóðs eins og annarra sjóða lækkar verulega milli ára sem skýrist af lækkanði verðbólguþungi. Gert er ráð fyrir allmiklum umsvifum í höfninni til samræmis við áætlanir HB Granda um landaðan afla á árinu 2010, enda þótt talsverðar blikur séu á lofti varðandi veiðiheimildir og nægir þar að nefna sjúkdóm sem upp er kominn í íslenska síldarstofninum og einnig að ekki hefur verið gefinn út neinn kvóti vegna loðnuveiða. Á liðnum árum hefur verið unnið að gríðarlega miklum framkvæmdum í höfninni og er þá helst að geta brimvarna, dýpkana og verulega auknu viðleguþlássi með nútímalegu sniði. Við þessar framkvæmdir eru bundnar þær væntingar að þær leiði til verulega aukinna tekjumöguleika í framtíðinni. Tekjur hafnarinnar hafa verið að aukast á síðustu árum. Lát er nú á framkvæmdum hafnarinnar og er ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum í höfninni á árinu 2010 öðrum en þeim að keyptur verður löndunarkrani fyrir minni báta. Áfram verður unnið að undirbúningi á mögulegum verkefnum vegna olíuleitar á Drekasvæðinu. Í skýrslu sem unnin hefur verið um þessi mál fyrir sveitarfélögin Vopnafjarðarhrepp og Langanesbyggð í samvinnu við lðnaðarráðuneytið, þykir Vopnafjarðarhöfn mjög álitlegur kostur í því tilliti að vera þjónustuhöfn fyrir olíuleitina.

Kannaðir verða möguleikar á styrkingu Vatnsveitu en á mörkunum er að hún geti sinnt skyldum sínum þegar illa árar hvað vatnsbúskap snertir, ennfremur hefur fundist verulega fyrir þrýstingsminnkun á veitukerfi þegar vinnsla uppsjávarafla er í hámarki. Að öðru leyti verður reynt að halda að sér höndum eins og frekast er kostur bæði hvað lýtur að framkvæmdum og viðhaldi í öllu bæjarkerfinu. Sérstök ákvörðun hefur verið tekin í þeim efnum á meðan efnahagsástand þjóðarinnar er með þeim hætti sem er í dag. Allt kapp verður lagt á að sinna almennri þjónustu sem sveitarfélaginu ber að sinna og andæfa á meðan holskefla verðhækkana gengur yfir þjóðarbúið. Eins og sjá má af rekstrarniðurstöðu flestra sjóða í B-hluta er nánast útilokað að gera þá upp með hagnaði þrátt fyrir að fjármagnskostnaður sé áætlaður lækka verulega milli ára.

Að öllu þessu töldu er ráðgert að allir sjóðir í A -og B hluta verði samtals gerðir upp með 26,1 m. kr. hagnaði á árinu 2010 Í sjóðstreymi kemur í ljós að þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta, verðbóta,

söluhagnaðar og annarra reiknaðra stærða að veltufé frá rekstri verður 92,8 m. kr. Þetta fé rennur til fjárfestinga sem alls eru áætlaðar 42,2 m.kr. nettó. Í fjármagnshreyfingum er ekki áætlað fyrir neinum sölum eigna, heldur við það miðað að takist að selja einhverjar eignir þá verði það bónus umfram það sem hér er áætlað. Þegar hér er komið sögu í sjóðstreyminu eru því eftir fjármunir að fjárhæð 50,6 m.kr. sem ganga munu til uppgreiðslu á fjármögnunarahreyfingum. Reiknaðar afborganir sveitarfélagsins vegna þess lánamassa sem til staðar er eru 87,7 m.kr. á árinu 2010 og hér er miðað við að restin verði brúuð með nýrri lántöku að fjárhæð 35 m.kr. Að teknu tilliti til alls þessa er ráðgert að handbært fé í árslok lækki um 2,1 m.kr. og verði 3,1 m. kr., náist að gera allt það sem áætlað er að gera samkvæmt fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun A -og B- hluta sjóða fyrir árið 2010.“
Að lokinni yfirferð sinni lagði sveitarstjóri til að fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun yrði vísað til síðari umræðu.

Talsverðar umæður urðu um fyrirbyggjandi gögn er tóku mið af þeim viðsjárverðu tímum sem sveitarfélagið fer í gegnum varðandi tekjuöflun og rekstur – Um almennt atvinnuástand bæði í sveitarfélaginu og á landsvísu. Óvissa í verðlags- og fjármálum hefur sjaldan eða aldrei verið eins mikil og nú er raunin á.

Samþykkt síðan að vísa afgreiðslu fjárhagsáætlunar til síðari umræðu í hreppsnefnd.

8. mál Fundargerð Brunavarna á Austurlandi frá 23. nóv. sl.

Fundargerð Brunavarna á Austurlandi frá 23. nóv. sl. lögð fram til kynningar.

Jafnframt var lögð fram brunavarnaráætlun Brunavarna á Austurlandi, sem unnin hefur verið af slökkviliðsstjórum svæðisins. Starfssvæði brunasamlagsins er Vopnafjarðarhreppur, Borgarfjörður eystri, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjörður og Djúpavogshreppur. Gerði sveitarstjóri grein fyrir málinu en þörf er á samþykkt allra hlutaðeigandi sveitarstjórna viðvirkjandi áætlunina. Bar oddviti brunavarnaráætlunina upp og var hún samþykkt samhljóða.

9. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Umhverfisstofnun bréf dags. 30. nóv. sl., varðandi hreindýraarð. Lagt fram til kynningar.

b) Bréf SSA, móttakið 26. nóv. sl., varðandi skipan í starfshóp um flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar

c) Fundargerðir stjórnar Drekasvæðisins ehf. frá 25. og 30. nóv. sl. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:15.